

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. eða II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.

Þegar mál þau, sem um ræðir í 1. málsgr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, vikja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 12 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenskra iðnrekenda til þriggja ára í senn, sex og sex til vara af hvorum samtökum. Nú óskar aðili ekki að tilnefna dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna, og tilnefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk iðnaðarmálaráðherra, en nefndinni þótti þó réttara að fella þau ákvæði, er í frv. felast, inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur heldur en inn í lög um iðju og iðnað. Áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Stíðasta þing fékk til meðferðar frumvarp til iðnaðarlaga, sem samið var af stjórnskipaðri nefnd, er í átta sæti fulltrúar frá Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenskra iðnrekenda. Frumvarpi þessu var vísað frá Alþingi með rökstuddri dagskrá. Fól þá ríkisstjórnin hinni sömu nefnd að endurskoða frumvarpið. Nefndin varð ekki sammála. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar Landssambands iðnaðarmanna, Einar Gíslason og Snæbjörn Jónsson, ásamt formanni nefndarinnar, Ragnari Jónssyni hrl., samdi nýtt frumvarp til laga um iðju og iðnað. Minni hlutinn, fulltrúar Félags íslenskra iðnrekenda, Páll S. Pálsson og H. J. Hólmjárn, lýsti sig í ýmsum atriðum ósamþykkan því frumvarpi.

Eitt af ákvæðum hins nýja frumvarps fól í sér breytingu á réttarfarsmeðferð iðnaðarmála. Minni hluti nefndarinnar var samþykkur tillögu meiri hlutans að þessu leyti. Bæði Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenskra iðnrekenda hafa lýst sig fylgjandi því ákvæði og talið nauðsyn á að fá það staðfest sem fyrst. Í greinargerð meiri hluta nefndarinnar með frumvarpi hennar var svo hljóðandi greinargerð um þessa breytingartillögu:

„Greining íslenskrar iðnaðarstarfsemi í iðju annars vegar og sérstakar löggiltar iðngreinar hins vegar hefur byggzt á venjum, eðlilegri iðnþróun og ákvörðunum framkvæmdavaldsins. Eðlilega hefur oft komið til ágreinings um starfssvið hvorrar tveggja svo og einstakra iðngreina innbyrðis. Slíkur ágreiningur hefur hingað til einungis orðið borinn undir dómstóla með refsíákæru á hendur einstökum mönnum, er taldir hafa verið brjóta ákvæði iðnlöggjafarinnar. Slík úrlausn ágreiningsmála, er fyrst og fremst varða almenn mörk milli iðnaðar og annarra starfsgreina eða milli einstakra iðngreina innbyrðis, er bæði óheppileg og ófullnægjandi. Refsi- aðgerðir gegn einstaklingum fyrir brot gegn iðnaðarlöggjöfnum eru í mörgum tilfellum alóþarfar.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Félagsdómi sé falin úrlausn slíkra mála. Má ætla, að í flutningi þessara mála fyrir Félagsdómi fái almennari og faglegrri sjónarmið notið sín betur en í kærumálum á hendur einstaklingum um brot gegn lögum. Auk þess fá félagssamtök iðnaðarmanna færi á því að hlutast til um, að dómsúrlausn verði fengin, en það verður ávallt nokkuð undir tilviljun komið eða geðþótta einstaklinga, hvaða brot eru kærð til refsingar og hver ekki. Er þess því að vænta, að með þessu fyrirkomulagi myndist sterkari og heilsteyptari hefð um mörk þessara starfsgreina.

Hér er um að ræða verkefni, sem mjög er hliðstætt starfssviði því, er félagsdómur þegar hefur. Réttarfarsákvæði laga nr. 80 1938 virðast eiga vel við í þessum málum og vera hagkvæm. Í þessum málum er gert ráð fyrir, að fulltrúar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi ísl. iðnrekenda, taki sæti í dómnum við hlið hinna föstu dómenda í stað þeirra, er Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands nefna í dóminn í málum þeim, er hann nú fjallar um.“